



## Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Bakka 1 \* 765 - Djúpvogur \* Sími 472 1690 \* Netfang ssa@ssa.is \* www.ssa.is

Nefndasvið Alþingis  
Alþingi  
150 – Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/122**  
**komudagur 15.10.2012**

161. mál

Efni : Umsögn um Þingskjal 1176-738. mál

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) sendir hér með umsögn sína um „Frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnáslu ríkisins í héraði“ Þingskjal 1176 mál 738, sem lagt var fyrir á Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012.

Frumvarpi til laga um framkvæmdarvald og stjórnáslu í héraði er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 92 frá 1989.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi skilur mikilvægi þess að endurskoða stjórnásluna og þar með „Framkvæmdarvald og stjórnáslu ríkisins í héraði“. Sambandið telur að slíkar breytingar geti einfaldað boðleiðir og gert stjórnásluna skilvirkari, sé rétt að henni staðið. Breytingar á stjórnáslunni mega ekki verða til þess að skerða aðgengi fólks um hinar dreifðu byggðir landsins að henni. Því er það mat Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að áður en frumvarpið verður tekið til afgreiðslu á Alþingi verði gert víðtækt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu stjórnáslunnar á landsbyggðinni.

Þann 1. júní sl. sameinuðust fimm stoðstofnanir sveitarfélagana á Austurlandi undir merki Austurbrúar. Markmiðið með sameiningunni er meðal annars að:

- Samnýta mannauð, aðstöðu og rekstrarumhverfi.
- Auka og bæta þjónustu í nærumhverfi.
- Viðhalda ábyrgð og aðkomu ríkisins með því að færa störf innan stjórnáslu ríkisins út á land og bæta þar með þjónustu í nærumhverfi.
- Fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga.

Með stofnun Austurbrúar skapast kærkomið tækifæri fyrir ríkisvaldið að bæta þjónustu í nærumhverfinu í samstarfi við sveitarfélögin. Stofnun Austurbrúar fellur að markmiðum Ríkisstjórnarinnar sem kemur fram í Sóknaráætlun Ísland 2020 um „þverfaglegar þjónustumiðstöðvar ríkis- og sveitarfélaga í heimabyggð (one-stop-shop)“.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi skorar því á ríkisvaldið að ganga til samninga við sveitarfélögin um eflingu stjórnáslunnar á landsbyggðinni áður en frekari lagabreytingar verða gerðar sem koma til með að skerða þjónustu við íbúa á landsbyggðinni.



Djúpavogi 10. júlí 2012

Virðingarfyllst,

f.h. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

---

Ólafur Áki Ragnarsson